



Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti  
Guðjón Axel Guðjónsson  
Arnarhvoli  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. september 2006  
Tilvísun: 2006060015  
Bréfalykill: 50.15

**Efni: Tilskipun 2006/32/EC (on energy end-use efficiency and energy services and replacing Council Directive 93/76/EEC)**

Með bréfi dags. 12. júní 2006 fór iðnaðarráðuneytið þess á leit við Orkustofnun að hún veitti umsögn um ofangreint málefni. Í bréfinu kemur fram að erindi þetta hafi verið sent nokkrum hagsmunaaðilum sem málefnið kanna að varða. Orkustofnun telst vart til hagsmunaaðila, en framkvæmd tilskipunarinnar kæmi eðlilega með einhverjum hætti til með að snerta starfsemi stofnunarinnar.

Samkvæmt inngangi að tilskipuninni þar sem lýst er aðdraganda hennar, m.a. með vísan til ályktana Evrópuþingsins um þennan málaflokk, vakir það fyrir Evrópusambandinu að draga úr notkun orku og að auka hlut endurnýjanlegrar orku. Hvað fyrri liðinn varðar er áhersla lögð annars vegar á betri nýtni og hins vegar á aðgerðir til að draga úr eftirspurn (töluliðir 1 og 2), og þar er sérstök áhersla á hagræna hvata (töluliður 3), og með því að virkja notendur orkunnar. Þá er lýst eftir hugmyndum einstakra aðildaríkja um það með hvaða hætti væri hægt að auka hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa. Í flestum Evrópuríkjum eru þessi markmið nátengd, þar sem megin hluti orku er af jarðefnauppruna. En svo er ekki hér. Af þeim sökum kann að reynast okkur erfitt að setja fram áætlanir um aðgerðir sem þjóna markmiðum tilskipunarinnar. Að vísu er sparnaður og það að fara almennt vel með til marks um siðmennt, en í tilskipuninni eru sett markmið um að minnka orkunotkun um 9% á níu árum.

Orkustofnun leiðir hjá sér álitamál um það hvort tilskipunin sé EES tæk að öllu leyti eða að hluta, en hér á eftir er reynt að skoða kosti og galla tveggja leiða til að bregðast við henni.

1. Það eru ákveðin rök fyrir því, að vegna þeirrar sérstöðu að meginhluti orkunotkunar landsins byggist á endurnýjanlegum orkulindum, þá muni aukin nýtni og orkusparnaður engu skila til að draga úr notkun óendurnýjanlegra orkugjafa, nema í samgöngum og fiskveiðum.
2. Meginmarkmið tilskipunarinnar (1. gr.) er hins vegar að bæta nýtni orkunnar hjá endanlegum notendum með hagkvæmum hætti. Til þess er talið þurfa að rjúfa hvers konar markaðshindranir og sjá til þess að endanlegir notendur njóti ávaxtanna af sínum aðgerðum til að draga úr orkunotkun. Í þessu sambandi eru opnaðar ýmsar leiðir til kvaða á fyrirtæki í orkugeiranum, m.a. að setja upp mæla sem gera kleift að sundurliða betur orkunotkun, t.d. eftir tímabilum.

Þar sem í tilskipuninni eru skýr tengsl á milli þess að draga úr orkunotkun og auka virkni markaðarins (endanlegra notenda) til að ná því markmiði er vandséð að það þjóni nokkrum

tilgangi að höfða til sérstöðu okkar í orkumálum (leið 1). Ennfremur má benda á ýmsa þætti sem benda til að það muni auðvelda okkur að ná markmiðum um að draga úr eldsneytisnotkun, ef hægt er að höfða til sparnaðar fyrir endanlegan notanda. Dæmi um slíkt er hröð þróun í svonefndum tengiltvinnbílum ("Plug-in Hybrids") þar sem yrði hægt að hlaða rafgeyma að nóttu til. Það mundi auk þess með réttri útfærslu leiða til betri nýtingar á fjárfestingum í dreifikerfi rafmagns. Fjárhagslegur ávinningur myndi þá væntanlega geta nýst endanlegum notanda, einkum ef samkeppnin virkar sem skyldi. Í þessu sambandi má benda á væntanlegar tillögur frá starfshópi um *Vistvænt eldsneyti* en þar verða gerðar tillögur um skattalega hvata til að nota bíla sem fara sparlega með jarðefnaeldsneyti.

Í tilskipuninni er aðildarríkjum ætlað að skila skýrslum um aðgerðaráætlun og kostnað á móti ávinningi sem af aðgerðum hlýst. Sem dæmi um leiðir eru aðgerðir sem höfða til kostnaðarvitundar. Ennfremur er gert ráð fyrir að leggja megi kvaðir á fyrirtæki, t.d. um upplýsingagjöf, en einnig eru fyrirvarar um umhverfisáhrif og félags- og efnahagsleg áhrif. Sumar kvaðir eru hliðstæðar við kvaðir sem þegar hefur verið tekið við svo sem greiningu á framleiðsluferlum frá hráefni og öðrum aðföngum, m.a. orku, til vöru og þjónustu.

Það er ljóst, að það að taka upp þessa tilskipun leiðir til talsverðrar vinnu við upplýsingaöflun og áætlanagerð, og síðar eftirlit og skýrslugerð. Sumt af þessu fellur að starfsemi sem nú þegar fer fram á Orkustofnun, t.d. á orkusetrinu á Akureyri. Gera þarf ítarlega athugun á því hvort og hvernig megi nýta kostnaðarvitund viðskiptavina orkufyrirtækja. Ef til vill þarf að skapa kostnaðarvitund. Hvernig sem að er farið er ljóst að virkja þarf orkufyrirtækin o.fl. til samstarfs.

**Niðurstaða:** Orkustofnun bendir á að nokkur vandi kann að vera fyrir okkur að vera þátttakendur í aðgerðum í anda þessarar tilskipunar vegna sérstöðu okkar í orkumálum. Að hinu leytinu má benda á ýmsa kosti, m.a. um aðgerðir til að auka skilvirkni markaðarins og möguleika til að nýta raforkumarkaðinn til að stuðla að sparnaði í notkun eldsneytis. Ef til þess kemur að meginefni tilskipunarinnar (eða hún öll) verði tekin í EES samninginn, þurfa Orkustofnun og iðnaðarráðuneytið að vera vel á verði til að tryggja fjármuni til framkvæmdar á þeim þáttum sem ætla má að falli að starfsemi Orkustofnunar og mun aukast til muna við upptöku tilskipunarinnar.

Virðingarfyllst

Ívar Þorsteinsson

Hákon Aðalsteinsson